



Fundargerð

Fundur í mennta og menningarmálanefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 24. nóvember 2011, kl. 16:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Ingvar Samúelsson og Karl Kristjánsson. Einnig voru mættir Björg Karlsdóttir leikskólastjóri, Steinunn Rasmus fyrir hönd kennara Reykhólaskóla. Ólafía Sigurvinsdóttir varamaður KötluTryggvadóttur frá foreldrafélagi Hólabæjar og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið og var þá gengið til dagskrár. Eiríkur leitaði afbrigða að taka 2 mál á dagskrá undir önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar í mennta og menningarmálanefnd 12. október 2011.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps..

Nefndin fór yfir tillögur skólastjóra skólanna og ferðamálafulltrúa að fjárhagsáætlun vegna skóla og menningarmála fyrir árið 2012. Nokkrar breytingar gerðar, áætlun lögð fram til sveitarstjórnar.

3. Sameining grunnskóla og leikskóla Reykhólahrepps.

Formaður vildi fá umræður um sameiningarmál. Í ósamþykktum drögum að skólastefnu sveitarfélagsins kemur fram stefna um sameiningu skólanna. Rætt um málin, allir fundarmenn tóku til máls undir þessum lið, fram kom að forsendur yrðu að vera góðar, bæði fjárhaglega og faglega.

Mál til kynningar:

4. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Kynnt.

5. Fyrstu niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum.

Frá Námsmatsstofnun vegna samræmdra prófa í 4. 7. og 10 bekkjum árið 2011.

Kynnt.

6. Stefnumótun í íþróttamálum.

Frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu 11. október 2011. Bæklingur verður afhentur á fundinum.

Kynnt.

7. 126. fundur skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði haldinn 14. nóvember 2011.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver):

1. Starfsáætlun ársins 2011 – 2012 vegna Reykhólaskóla.

Skólastjóri Reykhólaskóla kynnti starfsáætlun skólans. Helstu breytingar eru þær að nemendaverndarráð hefur tekið til starfa. Í ráðinu situr skólastjóri, sérkennari, félagsmálastjóri og hjúkrunarfræðingur. Starfsáætlun samþykkt.

2. Trúnaðarmál.

Ritað í trúnaðarmálabók.

Fundargerð lesin, fundi slitið 18:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____